

Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfirði

Reykjavík, 8. nóvember 2019

UST201905-100/S.M.

08.14.02

Lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Grundarfjarðarbæjar


Þann 26. júní sl. fór fram eftirlit á aflagðan urðunarstað Grundarfjarðarbæjar í Kolgrafafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla. Rekstraraðili gerði athugasemdir við drög að eftirlitsskýrslu og eru þær birtar hér sem fylgiskjal.


Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Frágangi á urðunarstaðnum er ekki lokið.
2. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í gr. 1.7 og skila skýrslu með niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður skráninga fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað.
3. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Urðun á aflögðum urðunarstað Grundarfjarðarbæjar sem og urðun á óvirkum úrgangi á nærliggjandi svæði er starfsleyfisskyld starfsemi sem rekin er án starfsleyfis.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. nóvember, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Athugasemdir rekstraraðila við drög að eftirlitsskýrslu

Í drögunum segir:

„Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila er tekið á móti óvirkum úrgangi og garðaúrgangi á urðunarstaðnum.“

Athugasemd við þetta atriði:

Ekki er tekið á móti óvirkum úrgangi á urðunarstaðnum. Norðan við urðunarstaðinn, utan skilgreinds svæðis urðunarstaðarins, er svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er efnistöku-/efnislosunarsvæði. Í samræmi við það fer fram losun á minniháttar magni af óvirkum úrgangi þar. Það hefur ekki áhrif á urðunarstaðinn aflagða, og ætti ekki að koma til umfjöllunar hér.

Í drögunum segir:

„Að fundi loknum var haldið að urðunarstaðnum og hann skoðaður. Tekið er á móti úrgangi á tveimur afmörkuðum svæðum, á neðra svæðinu er tekið á móti óvirkum úrgangi og á eftir svæðinu er tekið á móti garðaúrgangi.“

Athugasemd við þetta atriði:

„Neðra svæðið, sem vísað er til, er ekki innan urðunarstaðarins. Því á umfjöllun um það svæði ekki heima hérna.

Í drögunum segir, í beinu framhaldi:

„Ekki er tekið á móti úrgangi beint frá einstaklingum heldur safnar sveitafélagið úrganginum og urðar á urðunarstaðnum.“

Athugasemd við þetta atriði:

Sveitafélagið urðar engan úrgang innan hins aflagða urðunarstaðar. Hins vegar hefur gróður úr gróðurgámi verið losaður á svæðinu og láttinn liggja og nýtt til að dreifa yfir ógróið svæðið. Óvirkur úrgangur (jarðvegsefni, í tipp) eru utan urðunarstaðarins, eins og fyrr segir.

Og á sömu nótum segir:

„Á eftir svæðinu er tekið á móti garðaúrgangi. Miðað við afstöðuuppdrátt sem sveitafélagið lagði fram í lokunaráætlun liggur það svæði innan marka aflagða urðunarstaðarins.“

Athugasemd við þetta atriði:

Á svæðinu er ekki „tekið á móti“ garðaúrgangi. Almenningur hefur ekki leyfi til að koma með garðaúrgang til losunar á þessum stað. Garðaúrgangur bæjarbúa fer í gróðurgám sem staðsettur rétt við gámmatótkustöð bæjarins við Ártún, opinn almenningi alla daga. Sá úrgangur hefur hins vegar verið losaður á svæðinu og láttinn liggja og dreift yfir ógróna hluta svæðisins.

Í drögum að eftirlitsskýrslu segir:

„Mikið magn af afar gróft kurluðum timburúrgangi er á staðnum, um er að ræða ólitað timbur og er það nokkuð blandað málmúrgangi. Garðaúrgangurinn er einnig blandaður málmi og öðrum óvirkum úrgangi.“

Athugasemd við þetta atriði:

Ekki er fallist á að mikið beri á málmúrgangi í timburkurlshaugum eða garðaúrgangi á svæðinu.

Í drögum að eftirlitsskýrslu segir:

„Samkvæmt greinargerð með afstöðuuppdrætti var áætlað að gerð yrði mön til suðurs og í skjóli hennar yrði jarðgerð. Við vettvangsskoðun var talið mögulegt að timburúrgangurinn hefði verið hluti af áætlun um frágang og mótnu svæðisins. Þegar loftmyndir af svæðinu eru skoðaðar kemur hinsvegar á daginn að þar er nú þegar jarðvegsmön eins og teiknuð er á afstöðuuppdráttinn, timburúrgangurinn tilheyrir því ekki slíkum áætlunum.“

Athugasemd við þetta atriði:

Aflað verður betri upplýsinga um tilganginn með kurlun og uppsöfnunar þess í hauga, á svæðinu. Núverandi starfsfólki bæjarins er ekki nægilega kunnugt um þetta og leitað verður leiða til að farga eða nýta þetta kurl í framtíðinni.

Í drögum að eftirlitsskýrslu segir:

„Við lokafrágang urðunarstaða skal yfirborðslag vera 1 m á þykkt, en ekki er staðfest að það eigi við um það svæði sem tilheyrði aflagða urðunarstaðnum.“

Athugasemd við þetta atriði:

Óskað er skýringa á því hvað þetta þýðir.

Í drögum að eftirlitsskýrslu segir:

„Af framansögðu er ljóst að frágangur og vöktun aflagðs urðunarstaðar Grundarfjarðarbæjar er ekki í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun. Frágangi er ekki lokið og enn er tekið á móti úrgangi á staðnum. Ekki er heimilt að taka á móti úrgangi á urðunarstað með fyrirmæli um frágang og vöktun.“

Athugasemd við þetta atriði:

Athugasemdinni „enn er tekið á móti úrgangi á staðnum“ er hafnað. Það er sveitarfelagið sjálf sem losar gróðurgám á svæðinu, en ekki er „tekið á móti“ úrgangi frá almenningi eða fyrirtækjum.

Í drögum að eftirlitsskýrslu segir:

„Frágangi á urðunarstaðnum er ekki lokið, þar er enn úrgangur, s.s. timbur og yfirborðslag telst ekki fullnægjandi.“

Athugasemd við þetta atriði:

Rétt er að frágangi er ekki lokið. Hinsvegar er yfirborðslag mjög langt komið. Strax þegar komið er inná urðunarstaðinn aflagða, norðan megin frá, þá er yfirlagið 50-60 cm, en suður af því tekur við upphækkun sem er enn hærri.

Í drögum að eftirlitsskýrslu segir aftur:

„Á neðra svæðinu, neðan aflagða urðunarstaðarins, rekur sveitafelagið urðunarstað fyrir óvirkan úrgang og er hann án starfsleyfis.“

Athugasemd við þetta atriði:

Um er að ræða svæði sem er utan hins aflagða urðunarstaðar og því ekki til skoðunar hér. Grundarfjarðarbær rekur heldur ekki urðunarstað á þessu svæði. Hinsvegar hefur farið óvirkur úrgangur (jarðvegsefni) á svæði sem er samkvæmt skipulagi efnislosunarstaður.

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpmeðhöndlun Grundarfj. Kolgrafafirði



Dags eftirlits	26.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigriður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpmeðhöndlun Grundarfj.	Eftirlitsmaður	
Heimili		Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5201691729	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Björg Ágústsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Jóhann Elísson	Staðsetning	304346,981 497282,732

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik frá fyrirmælum um frágang og vöktun er varða frágang á urðunarstaðnum og skil á niðurstöðum skráninga. Einnig kom fram frávik frá lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er varðar starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis.

Rekstraraðili gerði athugasemdir við drög að eftirlitsskýrslu og hefur verið tekið tillit til þeirra þar sem við á. Athugasemdir rekstraraðila verða einnig birtar með fylgibréfi lokaskýrslu.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vinnur og gefur út fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðra urðunarstaða í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Fyrirmælin eru unnin á grundvelli lokunaráætlana sem viðeigandi rekstraraðili leggur fram og lögum og reglugerðum um urðun úrgangs. Fyrirmæli um frágang og vöktun eru þinglýst og við útgáfu þeirra fellur starfsleyfi urðunarstaðarins úr gildi. Fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðs urðunarstaðar Grundarfjarðarbæjar voru gefin út 5. desember 2012.

Farið var í lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Grundarfjarðarbæjar að Hrafnkelsstöðum í Kolgrafafirði þann 26. júní 2019. Eftirlitið hófst á fundi á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar og lauk með skoðunarferð um urðunarstaðinn.

Á fundinum var farið yfir ferli við lokun urðunarstaða með rekstraraðila sem og fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðarins. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila er garðaúrgangur losaður á aflagða urðunarstaðnum og óvirkur úrgangur er losaður á svæði norðan alags urðunarstaðar, en það svæði er skilgreint á aðalskipulagi sem efnistöku-/efnislosunarsvæði. Rætt var um fyrirkomulag vöktunar, mælingaáætlun og skýrslugjöf sbr. gr. 1.7 og 1.8 í fyrirmælunum. Fram kom að brunnar hefðu verið settir upp skv. þeim hnitud sem gefin voru í fyrirmælunum og mælingar voru framkvæmdar af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands árið 2014 en niðurstöður þeirra mælinga höfðu ekki borist Umhverfisstofnun. Rekstraraðili sendi niðurstöður mælinganna nú til stofnunarinnar. Einnig kom fram að sveitafelagið hefði óskað eftir því við heilbrigðiseftirlitið að mælingar yrðu gerðar nú í júlí 2019.

Að fundi loknum var halddi að urðunarstaðnum og hann skoðaður. Urðun fer fram á tveimur afmörkuðum svæðum, á neðra svæðinu sem liggur utan marka aflagða urðunarstaðarins er urðaður óvirkur úrgangur og á eftir svæðinu, þ.e. á aflagða urðunarstaðnum, er urðaður garðaúrgangur. Ekki er tekið á móti úrgangi beint frá einstaklingum heldur safnar sveitafelagið úrganginum og urðar á urðunarstaðnum.

Á eftir svæðinu er urðaður garðaúrgangur. Miðað við afstöðuuppdrátt sem sveitafelagið lagði fram í lokunaráætlun liggur það svæði innan marka aflagða urðunarstaðarins. Mikið magn af afar gróft kurluðum timburúrgangi er á staðnum, um er að ræða ólitað timbur og er þar að finna eitthvað af málmúrgangi. Garðaúrgangurinn er einnig blandaður málmi og öðrum óvirkum úrgangi. Svæðið er lokað með hliði en engin girðing er umhverfis það og er greiður aðgangur fyrir menn og dýr inn á svæðið. Samkvæmt greinargerð með afstöðuuppdrætti var áætlað að gerð yrði mön til suðurs og í skjóli hennar yrði jarðgerð. Við vettvangsskoðun var talið mögulegt að timburúrgangurinn hefði verið hluti af áætlun um frágang og mótu svæðisins. Þegar loftmyndir af svæðinu eru skoðaðar kemur hinsvegar á daginn að þar er nú þegar jarðvegsmön eins og teiknuð er á afstöðuuppdráttinn, timburúrgangurinn tilheyrir því ekki slíkum áætlunum. Utan hauga af timbur- og garðaúrgangi er eitthvað af kurluðum timbri sem hefur dreifst um svæðið, einnig má þar finna málm- og plastrusl. Við lokafrágang urðunarstaða skal yfirborðslag vera 1 m á þykkt, en ekki er staðfest að það eigi við um það svæði sem tilheyri aflagða urðunarstaðnum.

Af framansögðu er ljóst að frágangur og vöktun aflagðs urðunarstaðar Grundarfjarðarbæjar er ekki í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun. Frágangi er ekki lokið og úrgangur er enn urðaður á staðnum.

Á neðra svæðinu, neðan aflagða urðunarstaðarins, fer fram urðun á óvirkum úrgangi á vegum sveitafélagsins. Urðun á óvirkum úrgangi er starfsleyfisskyld starfsemi og þar sem starfsleyfi er ekki fyrir hendi er hér um að ræða starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun Frágangi á urðunarstaðnum er ekki lokið.

gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í gr. 1.7 og skila skýrslu með niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöðum skráninga fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað.

6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Urðun á aflögðum urðunarstað Grundarfjarðarbæjar sem og urðun á óvirkum úrgangi á nærliggjandi svæði er starfsleyfisskyld starfsemi án starfsleyfis.

ANNAÐ

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem effirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.11.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

bls. 4